



Félagsmálanefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. D 116 / 2018

komu. dagur 21 / 9 1993

Vestmannaeyjum 16. september 1993.

Útskrift úr fundargerð bæjarstjórnar Vm. frá 9. september 1993.

2. mál.

Fundargerðir bæjarráðs:

e) 2220. fundur frá 30. ágúst sl.

2. liður: Upplesið.

Svohljóðandi tillaga barst frá Guðmundi P.B. Ólafssyni og Ágústi Bergssyni:

"Bæjarstjórn Vestmannaeyja lýsir sig mótfallna hugmyndum sem fram koma í frumvarpi til laga um sérstakt 10% álag á iðgjöld Viðlagatryggingar sem renna á í Ofanflóðasjóð árin 1994-1998. Hér er verið að ræða um nýjan skatt sem leggjast mun á allar tryggðar eignir sem nú bera viðlagatryggingargjald, enda veitir "iðgjaldaálagið" á engan hátt aukna tryggingarvernd fyrir tryggingartaka.

Viðlagatryggingu er ætlað að bæta tjón vegna fleiri náttúruhamfara en ofanflóða, eða vegna jarðskjálfta, eldgosa og flóða af hafi er ár, vötn og lækir flæða yfir bakka sína.

Viðlagatrygging sinnir forvörnum vegna þessara áhættuþátta.


Það er ljóst að engin þörf er á þessu sérstaka 10% álagi á iðgjöld, að mati bæjarstjórnar Vestmannaeyja.

Bæjarstjórn beinir þeirri áskorun til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga að mótmæla fyrrgreindu frumvarpi, svo auka megi líkur á að umrædd skattlagning verði ekki að veruleika."

Guðmundur Þ.B. Ólafsson (sign.)
Ágúst Bergsson (sign.)
Ragnar Óskarsson (sign.)
Georg Þór Kristjánsson (sign.)
Ólafur Lárusson (sign.)
Magnús Kristinsson (sign.)
Októvía Andersen (sign.)
Sigurður Einarsson (sign.)
Bragi I. Ólafsson (sign.)

Aðrir bæjarfulltrúar gerðust meðflutningsmenn að tillögunni.
Tillagan var samþ. með 9 samhljóða atkvæðum.

Rétta útskrift staðfestir,



Margrét Traustadóttir.